



## Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum fer stöðugt minnkandi

Jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd á fyrri hluta ársins var jákvæður um 12,8 ma.kr. Þetta er minnsti afgangur af utanríkisviðskiptum síðan árið 2008 þegar halli mældist upp á 46,3 ma.kr. á sama tímabili. Afgangurinn á fyrri ársþriðingnum 2017 nam 23,2 ma.kr. og dróst því saman um 10,5 ma.kr. milli ára. Þetta er þriðja árið í röð sem afgangurinn á fyrri helmingi ársins dregst saman milli ára, en hann nam 74,5 ma.kr. árið 2015 sem þá var mesti afgangurinn síðan árið 2010.

### Mikill afgangur af þjónustuviðskiptum en töluverður halli á vöruviðskiptum


Enn mælist töluverður afgangur á þjónustujöfnuði og er þetta þriðji mesti afgangur á þjónustujöfnuði á fyrri ársþriðingnum. Afgangurinn nam 90 ma.kr. til en til samanburðar nam hann 104 ma.kr. á sama í fyrra og 93 ma.kr. árið 2016. Árið í ár var það 12. í röðinni sem afgangur mælist á þjónustujöfnuði á fyrri ársþriðingnum, en síðast mældist halli árið 2006 og nam hann 12 ma.kr. Halli á vöruskiptum nam 77 mö.kr. á fyrri ársþriðingnum, sem er heldur minni halli en á sama tímabili í fyrra þegar hann nam 80 ma.kr. en meiri halli en árið 2016 þegar hann nam 66 ma.kr. Þetta er sjöunda árið í röð sem halli mælist á vöruskiptum gagnvart útlöndum á fyrri ársþriðingnum.

### Vöxtur innflutnings umfram vöxt útflutnings

Sífelld minnkandi afgangur á síðustu árum má rekja til þess að verðmæti innflutnings hefur aukist mun meira en verðmæti útflutnings, en bæði innflutningur og útflutningur hefur aukist.


Sé horft á magnbreytingar í þjóðhagsreikningum sést að vöruinnflutningur hefur vaxið meira en vöruútflutningur á árunum 2016 og 2017. Þetta á einnig við í þjónustu þar sem þjónustuinnflutningur óx meira en þjónustuútflutningur á sama tíma. Ekki eru komnar tölur frá Hagstofunni fyrir þjóðhagsreikninga á öðrum fjórðungi ársins en

Samsetning vöru- og þjónustujafnaðar á fyrri ársþriðingnum



Heimild: Hagstofa Íslands

% Magnbreytingar í inn- og útflutningi



Inn og útflutningur í þjóðhagsreikningi. Fyrri hluti hvers árs. Breyting frá fyrra ári. \*Miðað við fyrsta fjórðung

Heimild: Hagstofa Íslands



Líklegt er að þeir sýni a.m.k. að þjónustuinflutningur að magni til hafi aukist töluvert umfram þjónustuútflytning. Þannig var vöxtur þjónustuinflutnings á fyrsta ársfjórðungi 17,2% að magni til frá sama tímabili árið áður en þjónustuútflytningur óx einungis um 3,5%.


### Gengi krónunnar spilar stóra rullu

Þessi þróun, þ.e. almennt meiri vöxtur innflutnings en útflytningu hvort sem litið er til þjónustu eða vara má skýra að miklu leyti með gengisþróun krónunnar. Krónan styrktist mikið milli bæði árána 2015 og 2016 en einnig milli árána 2016 og 2017. Um var að ræða metstyrkingu í síðara tilfallinu. Styrking krónunnar breytir verði á inn- og útflytningi. Íslendingar geta þannig keypt meira magn fyrir krónurnar sínar sem styður við aukið innflutt magn en útlendingar geta keypt minna af útflytningi landsins fyrir eigin gjaldmiðil sem dregur úr keyptu magni. Hið síðarnefnda hefur komið hvað gleggst fram í þróuninni í ferðaþjónustu en verulega hefur hægt á fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands undanfarið ár.

### Styrking krónunnar dregur úr vexti ferðaþjónustu


Þróun vöru- og þjónustuviðskipta hefur almennt séð töluverð áhrif á gengi krónunnar, a.m.k. til lengri tíma litið. Þessi áhrif virka þó einnig á hinn veginn eins og rakið er hér að ofan, þ.e. gengi krónunnar hefur einnig áhrif á þróun vöru- og þjónustuviðskipta. Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum þrýstir á styrkingu krónunnar að öðru óbreyttu en halli ætti að ýta undir gengisveikingu. Styrkingu krónunnar á undanförunum árum má að miklu leyti rekja til mikils vaxtar í íslenskrri ferðaþjónustu sem hefur leitt af sér meiri og samfelldari afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum en við Íslendingar höfum átt að venjast síðustu áratugi. Hátt raungengi virðist nú farið að vinna gegn auknum vexti í ferðaþjónustu og þar með farið að hafa áhrif á jöfnuð vöru- og þjónustuviðskipta. Ef útflytningssverðmæti ferðaþjónustunnar færi að dragast saman vegna hás raungengis gæti sá samdráttur því leitt af sér veikingu krónunnar á ný.

Gengiþróun krónunnar



\*Miðað við fyrri hluta ársins  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Vöxtur í útflytningi ferðaþjónustu



Vöxtur frá sama tímabili árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.